# Útilegan

## Fólkið í bókinni eru: Valur, Lísa og mamma og pabbi.


**Valur**


**mamma**


**pabbi**


**Lísa**


**Fjölskylda**



**Það er komið sumar. Sólin skín. Það er gott veður**

# Árstíðir



sumar



haust



vetur



vor

**Útilegan**



**Fjölskyldan ætlar í útilegu**



**Þau taka mikið dót í bílinn.**

**Útilegan**



**Þau eru með tjald**





**Þau eru með föt í töskum.**



**Þau eru með svefn-poka**



**Þau eru með prímus.**





**Þau eru með mat.**



**Þá leggjum við af stað segir pabbi.**



**Fyrst þarf að kaupa bensín, segir mamma**



**Eigum við að kaupa ís? Segir pabbi. Þau kaupa ís.**



**Mamma kaupir mat í nesti handa þeim.**



**Þau keyra lengi.**



**Nú eru þau komin að Laugar-vatni.**



**Þau tjalda við Laugar-vatn.**



**Þarna eru rólur. Lísa vill fara að róla.**

**Útilegan**



**Mamma hitar mat handa þeim.**





**Nú fara þau að sofa í tjaldinu.**

**Útilegan**



**Um nóttina er rigning og rok. Það er hávaði og tjaldið hristist. Það er erfitt að sofa.**



**Þegar Valur vaknar er sól og gott veður.**



**Fjölskyldan borðar morgunmat.**



**Þau fara í sund**



**Þau fara í bát út á vatn**



**Þau þurfa björgunarvesti.**



**Báturinn fer á hvolf**

**Útilegan**





**Báturinn fer á hvolf.**

**Allir fara á bóla-kaf**



**Allir eru renn-blautir**







**Fjölskyldan fór í þurr föt og borðaði pyslur.**



**Daginn eftir fara þau heim.**